
FÉLAG ÍSLENSKRA LEIKSTJÓRA – LINDARGÖTU 6, 101 REYKJAVÍK
WWW.LEIKSTJORAR.IS - LEIKSTJORAR@LEIKSTJORAR.IS

Handbók leikstjórans

Handbókin er ætluð öllum áhugaleikfélögum og
leikstjórunum sem starfa með þeim.

Inngangur

Leiklist á Íslandi á sér merkilega sögu sem rakin er til samfélags skólapilta á 18. og 19. öld en þróast svo í átt til atvinnuleiklistar um miðbik síðustu aldar. Ef það er eitthvað sem einkennir íslenska leiklistarsögu síðari ára þá eru það tengslin við áhugaleikfélög vítt og breitt um landið. Þau eru jarðvegurinn sem íslensk atvinnuleiklist er sprottin úr og hafa haft mótandi áhrif á þróun leiklistar fram á þennan dag. Áhugaleikfélögin hafa verið og eru enn mikilvæg uppeldismiðstöð ungra sviðslistamanna, sem oftast en ekki stíga þar sín fyrstu spor í átt til atvinnumennsku. Samstarf áhugafólks í leiklist og þeirra sem sótt hafa sér menntun á sviði leiklistar og annarra sviðslista hefur alla tíð gegnt mikilvægu hlutverki í framþróun sviðslistanna. Áhugaleikfélögin eiga einnig ríkan þátt í að móta íslenska leikhúsáhorfendur, því oft er fyrsta leikhúsupplifun áhorfenda fengin í hátíðarsal einhvers grunn- eða framhaldsskólans, í félagsheimili eða hverfamiðstöð. Það skiptir máli að leggja rækt við samstarf áhugaleikfélaga og atvinnufólks í sviðslistum, þess vegna hefur Félag leikstjóra á Íslandi (FLÍ) tekið saman handbók, sem ætlað er að styðja við áframhaldandi öflugt samstarf þessara aðila, með það að markmiði að íslenskar sviðslistir vaxi og dafni.

Handbókin er ætluð öllum áhugaleikfélögum, hvort sem þau er að finna í dreifbýli eða þéttbýli, skólum landsins eða félagasamtökum, og hún er líka ætluð leikstjórum sem starfa með áhugaleikfélögunum. Henni er ætlað að vera til stuðnings og áminningar um ábyrgð og skyldur leikstjórans, auk þess sem hún er hugsuð sem hjálpartæki þeirra sem skipuleggja leiksýningar, t.d. stjórnir leikfélaga. Henni er ætlað að auka yfirsýn svo auðveldara verði að gera sér grein fyrir þeim margvíslegu þáttum sem þurfa að vera til staðar ef takast á að setja upp vel heppnaða leiksýningu. Henni er hins vegar ekki ætlað að vera kennslubók í leikstjórn.

Starf leikstjórans

Starfi leikstjórans má skipta niður í fimm hluta sem eru allir jafn mikilvægir en mis sýnilegir:

Neistinn

Hugmynd fæðist! Neistinn sem kveikir hugmynd getur orðið til hvar sem er. Algengt er að hann kvikni hjá leikstjóranum sjálfum en hugmyndir að verkum koma líka frá verkefnavalsnefndum, leikhússtjórum, formönnum leikfélaga, stjórnnum leikfélaga o.s.frv. sem þurfa þá að kveikja neistann hjá leikstjóranum. Mikilvægt er leikstjóra að varðveita neistann, því hann á eftir að þurfa að kveikja í mörgum áður en kemur að frumsýningu. Nú tekur verkið sér bólfestu og væntanleg uppsetning byrjar að gerjast innra með leikstjóranum.

Meðganga

Hugmynd tekur á sig mynd í huga leikstjórans. Fræðileg og fagleg nálgun. Ítarleg greining á verkinu fer fram, hugmyndasöfnun, ítarefni er tínt til og vinnuaðferð móttast. Á þessu stigi er mikilvægt að halda öllum möguleikum opnum og fara varlega í að hafna spennandi hugmyndum, þær geymast margar vel á spássíðunni. Fjárhags- og tímarammi ákveðinn, fjárhagsáætlun og umfang verkefnisins mótað. Mikilvægt er að líta á fjárhagsrammann sem skapandi verkfæri þó hann sé oft þrengri en leikstjóri hefði viljað. Ákveðin lengd æfingatíma og frumsýningardagur.

Samsköpun

Meðhöfundar koma inn í ferlið. Þeir geta verið margir, allt eftir eðli verksins og fjárhag t.d. dramatúrg, leikskáld, leikmyndahöfundur, búningahöfundur, tónskáld, ljósahönnuður, kvikmynda- eða myndbandshöfundur, o.s.frv. Leikstjórinn kynnir hugmyndir sínar fyrir meðhöfundum og opnar fyrir þátttöku þeirra. Leikstjóri gerir meðhöfundum grein fyrir fjárhagsramma og umfangi verksins og tryggir að allir þættir uppsetningar rúmist innan fjárhagsáætlunar.

Höfundar leggja drög að framkvæmd verksins, tímaramma og vinnuaðferðum. Leikstjórinn velur leikara og aðra flytjendur til verkefnisins. Leikstjóri dreifir ábyrgð til meðhöfunda og annarra ábyrgðarmanna en heldur sjálfur nauðsynlegri yfirsýn, fylgist með framvindu fjárhagsáætlunar, tæknimála, kynningarmála o.s.frv

Framkvæmd

Æfingar hefjast. Leikhópur og annað starfsfólk sýningarinnar kemur til skjalanna. Leikstjóri stýrir jafnt praktískri sem listrænni framvindu. Hér kynnir leikstjórinn grunnhugmynd uppsetningarinnar, kveikir „neistann“ í öllum aðstandendum og viðheldur honum út æfingatímabilið. Leikstjóri ber ábyrgð á að halda góðum vinnuanda, tryggir svigrúm fyrir ólíka þætti sýningarinnar og sér um að allir fái notið sín. Leikstjóri skipuleggur æfingar og er ábyrgur fyrir að tímarammi haldist. Leikstjóri þarf að vinna innan ramma fjárhagsáætlunar og hafa sannfæringu fyrir því að markmið uppsetningarinnar náist þó fjárhagsrammi sé þröngur. Leikstjóri tryggir gott flæði milli þátttakenda með reglulegum samræmingarfundum meðhöfunda og annarra ábyrgðarmanna.

Eftirfylgni

Ef „neistinn“ hefur lifað af meðgöngu, samsköpun og framkvæmd þá ætti hann að verða að báli á frumsýningu, þegar flytjendur hitta áhorfendur í fyrsta sinn. Leikstjórinn hefur auga með leiksýningunni eftir frumsýningu og fylgist með því hvernig hún þroskast. Hann fylgist með kynningarmálum og tekur þátt í að skipuleggja þær kynningar sem listamenn sýningarinnar taka þátt í. Leikstjórinn leggur mat á niðurstöðuna, hvort ætlunarverkið hafi tekist og miðlar sjónarmiðum sínum til stjórnar leikfélags eða leikhússtjóra. Leikstjóri bætir úr vanköntum komi einhverjir í ljós. Ef veikindi verða eða forföll í leikhópi eða meðal tæknifólks finnur leikstjóri nýtt fólk til að hlaupa í skarðið og kemur þeim inn í sýninguna.

Ábyrgð leikstjórans

Leikstjórinn ber ábyrgð á

- að skýr sýn liggja að baki sýningunni
- að allir aðstandendur skilji kjarna verksins og þekki söguna/sögnina sem sýningunni er ætlað að miðla
- að skýr vinnuáætlun og verkaskipting sé til staðar svo allir geti gengið til vinnu og viti til hvers er ætlast af þeim
- að tímaáætlun á æfingatíma sé kynnt öllum hópnum og henni framfylgt
- að það sé óhindrað flæði upplýsinga milli allra aðstandenda jafnt á undirbúningstíma sem æfingatíma
- að samþykkja (semja í sumum tilfellum) fjárhagsáætlun, kynna hana meðhöfundum og tryggja að farið sé eftir henni.
- að tryggja ólíkum þáttum sýningarinnar svigrúm, svo allir fái notið sín og eignist hlutdeild í sýningunni
- að leikarar hafi skýr verkefni að fást við
- að kjarni verksins og sýn leikstjóra/leikhóps komist til skila til áhorfenda

Undirbúningur leikstjórans og vinnutilhögun

Þegar verk hefur verið valið til sýninga hefst leikstjórinn handa við undirbúning vinnunnar:

Greining

Verkið krufið. Inntak þess skilgreint og erindi þess við samtímann skoðað. Leikstjóri rökstyður ástæður þess að ráðist er í verkefnið. Söguþráður og kringumstæður verksins greindar. Persónur verksins greindar, leikarar og hlutverkaskipan skoðuð. Leikstjóri kemur sér upp dagbók fyrir framvindu vinnunnar. Skrásetur allar hugleiðingar og undirbýr miðlun þeirra til meðhöfunda og hópsins.

Hugmyndavinna

Kjarni verksins er grundvöllur vinnunnar og mótar sýn leikstjóra. Leikstjóri ákvarðar grunnhugmynd/konsept sýningarinnar. Vinnuaðferð leikstjóra og listræn stefna tekur á sig mynd. Hugmyndir að umgjörð og þætti meðhöfunda mótast. Hugmyndir að leikstíl mótast, þær taka mið af afstöðu, eiginleikum, tilfinningum og eðli persónanna. Áferð og blær persónanna mótast. Hér vinnur leikstjóri með tilvísanir til annarra verka t.d. tónlistar, myndlistar, bókmennta eða bíómynda. Þar með safnar leikstjóri hugmyndum að ítarefni fyrir væntanlegan leikhóp.

Vinnuaðferð

Greining/spuni/lögn

1. Unnið er við borð í fyrstu lotu, lagt fram ítarefni og unnið með inntak verksins og sýn leikstjóra.
2. Í annarri lotu er farið út á gólf með greininguna og unnið með spuna út frá megininntaki.
3. Í þriðju lotu er unnið með ákveðnar senur þar sem unnið er með greiningu og spuna. Hér geta loturnar verið eins langar og leikstjóri vill t.d. 2 klukkutímar, einn dagur, ein vika eða einn þriðji æfingaferlis.

Spunaverk/devised

1. Unnið er við borð í hugmyndavinnu. Leikstjóri leggur fram ítarefni, horft er á myndir, farið á netið o.s.frv. Hópurinn leitar uppi sögur sem hann vill segja og leggur grunn að handriti.
2. Spunnið út frá ákveðnum hugmyndum, forskriftum, handriti eða hverju því sem kveikt hefur hugmyndir.
3. Úrval spuna og textabrota unnin lengra, sett saman og búið til handrit fyrir leiksýningu.

Trúðleikur

1. Unnið er með trúðatækni, sem er þá kjarni vinnunnar.
2. Fundin saga/verk sem trúðarnir fá í hendur. Greining og spuni út frá trúðnum og tækni hans.
3. Úrval spuna unnir lengra og loks settir saman í heildstæða sýningu.

Heimildaverk

1. Efniviðurinn getur verið saga byggðalags, stéttarsaga, fjölskyldusaga eða hvaðeina sem byggir á þekktum heimildum.
2. Heimildum safnað, ýmist á bóka- og skjalasöfnum eða með viðtölum. Aðferð sýningarinnar ákveðin, t.d. með spuna út frá heimildum.
3. Úrval spuna og textabrota unnin lengra, sett saman og búið til handrit fyrir leiksýningu.

Verkáætlun

Það fer eftir umfangi og aðferð sýningar hversu langan tíma þarf til æfinga. Algennt er að hefðbundin uppsetning sé æfð í 6 vikur, en ef um er að ræða flóknari sýningu t.d. söngleik með hljómsveit og fjölmönnum leikhóp, getur æfingatíminn farið í 8 vikur. Leikstjóri og stjórn leikfélags ákvarða tímarammann. Mikilvægt er að leikstjóri geri hópnum í upphafi grein fyrir hvernig hann hyggst skipta niður æfingatímanum.

Hér er dæmi um hvernig verkáætlun gæti litið út fyrir sýningu með 6 vikna æfingatíma.

1. vika	Fyrsti samlestur, hugmyndavinna, þreifingar, spunnið, ítarefni kynnt
2. vika	Farið út á gólf með fyrstu senurnar
3. vika	Farið út á gólf með miðbik verksins
4. vika	Kláruð yfirferð á verki. Fyrsta rennsli
5. vika	Unnið í bútum, þeim rennt. Leikmynd og búningar koma inn. Allir kunna textann sinn
6. vika	Rennsli og fínþússning

Æfingaplön sem gerð eru síðar byggja á verkáætlun og er mikilvægt að verkáætlunin endurspegli ásetning leikstjóra, að hún sé raunsæ og taki mið af þörfum hinna ólíku verkþátta sýningarinnar.

Skipulag æfinga

- Þegar æfingatímabilið er skipulagt er gott að vinna út frá frumsýningardegi, sem venjulega liggur fyrir þegar æfingar hefjast.
- Sýningin þarf að vera komin saman a.m.k. 3 - 4 dögum fyrir tilgreindan frumsýningardag svo tæknivinna og skiptingar fínþússist.
- Æfingatímabil er oftast 6 vikur. Semja þarf gróft æfingaplan fyrir allar 6 vikurnar í upphafi. Síðan er samið ítarlegra plan fyrir hverja viku, sem leikstjóri dreifir til leikhópsins í síðasta lagi á föstudegi.
- Æfingar í áhugaleikfélögum eru oftast 3,5 - 4 klukkustundir í senn á kvöldin á virkum dögum. (t.d. 18:30-22:00). Um helgar eru oft lengri æfingar, a.m.k. þegar líður á æfingatímann.
- Upphitun fyrsta hálf tímann. Nauðsynlegt er að kunna fjölbreytta og skemmtilega upphitunarleiki.
- Pása um miðbik hverrar æfingar. Mikilvægt að gefa ca 10 – 15 mín. pásu um miðbik æfinga og yfirleitt þarf 10 mínútur í tiltekt í lokin, sem mikilvægt er að allir taki þátt í.
- Það fer eftir umfangi sýningar hvort æfa þarf um helgar frá byrjun. Ef um söngleik er að ræða er ráðlegt að hafa söngæfingar á sama tíma og aðrar æfingar verði því við komið, annars er kjörið að nota helgarnar í söngæfingar, a.m.k. framan af æfingatímanum.
- Stundvísi er skylda, þannig nýtist tíminn best.

Dæmi um æfingaferli

Vika 1:

- Lesa handrit fyrstu tvær æfingarnar og ræða um það.
- Hugmyndavinna, ítarefni skoðað og verkið greint: Hvar gerist það? Hvenær? Hvers vegna var það skrifað? Hver er kjarninn? Hverjar eru persónurnar? Hvaða erindi á það við áhorfendur?
- Það er gefandi og mikilvægt að hópurinn fái tækifæri til að eignast hlutdeild í þessum þætti vinnunnar.
- Finna hæfileika og getu allra í hópnum. Leita eftir því hvað hver og einn vill gera í sýningunni. Leitast við að nýta alla sköpunarkrafta sem eru fyrir hendi og finna öllum hlutverk við hæfi. Gera þarf ráð fyrir ýmissi tæknivinnu samhliða æfingum, ekki síst búninga- og leikmyndavinna.
- Í lok vikunnar þekkja allir verkið, inntak þess og hafa einhverja hugmynd um aðferð væntanlegrar sýningar.
- Á föstudegi þarf að útdeila æfingaplani fyrir 2. viku.

Vika 2:

- Gott er að skipta handritinu upp í þrjá – fjóra hluta ef það byggir ekki á hefðbundinni skiptingu í 3 – 4 þætti.
- Lesa í gegnum fyrsta hluta eða fyrsta þátt, sem verður verkefni vikunnar. Svo er best að fikra sig inn í verkið senu fyrir senu.
- Gott er að skipta hverri senu upp í styttri atriði (t.d. 2 bls.)
- Gott er að vinna 6-8 blaðsíður á dag í fjóra daga. Í lok hvers dags er mikilvægt að renna yfir afrakstur dagsins svo allir hafi yfirsýn yfir það sem unnist hefur. Gott er að nota föstudaginn til að renna nokkrum sinnum í gegnum þáttinn, eða fyrstu 25 - 30 bls. ef ekki er um hefðbundna skiptingu í þætti að ræða.
- Búninga- og leikmyndavinna í fullum gangi.
- Á föstudegi þarf að útdeila æfingaplani fyrir viku 3.

Vika 3:

- Lesa í gegnum annan hluta og fara yfir hann senu fyrir senu.
- Vinnulag svipað og í viku 2, þó er meiri fókus á persónusköpun og aðferðir leikaranna við að nálgast persónurnar.
- Föstudagur: Fyrri partur æfingar fer í að renna tvisvar í gegnum afrakstur vikunnar, seinni partur æfingar nýttur í að renna í gegnum afrakstur fyrstu tveggja viknanna (1. og 2. þáttur).
- Á föstudegi þarf að útdeila æfingaplani fyrir viku 4.

Vika 4:

- Búningar og leikmynd fara að koma í hús.
- Þriðji hluti verksins lesinn og unninn senu fyrir senu.
- Annars svipaður taktur og í annarri og þriðju viku. Þó ættu persónurnar nú að vera farnar að öðlast líf.
- Föstudagur: Fyrri partur æfingar fer í að renna tvisvar í gegnum afrakstur vikunnar, seinni partur æfingar nýttur í að renna í gegnum afrakstur fyrstu þriggja viknanna (1., 2. og 3. þáttur).
- Á föstudegi þarf að útdeila æfingaplani fyrir viku 5.
- Laugardagur/sunnudagur: Hópurinn einbeitir sér að tæknivinnunni. Lokið við leikmynd og búninga. Hugað að tónlist og/eða leikhljóðum.

Vika 5:

- Öll umgjörð sýningarinnar er nú orðin nokkuð glæsileg.
- Fjórði og síðasti þátturinn er lesinn yfir. Þátturinn æfður senu fyrir senu út vikuna. Einnig er gott að leyfa leikurum að rifja upp mikilvægar senur úr fyrri þáttum ef tími vinnst til.
- Föstudagur: Renna 4. þætti fyrri hluta æfingarinnar, renna í gegnum 3. og 4. þátt seinni hluta æfingarinnar.
- Laugardagur: Ljós- og hljóðvinna. Kjú-vinna og allt gert klárt fyrir rennsli „allt með öllu“ í næstu viku. Ítrekað við leikhópinn að allir verði án handrits á mánudag.

Vika 6:

- Mánudagur: 19:00-20:00, allir fara í búninga, smink, allt gert klárt og byrjað rennsli á slaginu 20:00. Nótur að loknu rennslinu. Leikstjóra ber að nótera allt sem betur má fara, en reyna að stilla í hóf tímanum sem fer í að gefa nóturnar. Mögulegt að skilja einhverjar nótur frá og gefa þær fyrir rennsli á þriðjudegi.
- Þriðjudagur og miðvikudagur: Rennsli og nótur.
- Fimmtudagur: Genaralprufa með áhorfendum.
- Föstudagur: Hátíðardagur! Gott að hittast fyrr og hafa góða upphitun. Frumsýning klukkan 20:00.
- Frumsýningarpertý að lokinni sýningu.

Launakjör leikstjóra

Laun leikstjóra eru mismunandi allt eftir stærð verkefnis, umfangi þess og eðli. Algengt er að æfingatíminn sé 6 vikur þegar um er að ræða leiksýningu í fullri lengd, með leikmynd, búningum, ljósum, leikhljóðum og meðalstórum leikhóp. Æfingatíminn lengist ef um er að ræða flókna sýningu, t.d. fjölmennan söngleik, með lifandi tónlist, söng og dansi, ef um er að ræða mikla grunnvinnu eða heimildaöflun í spunnum sýningum, "devised" eða heimildaverkum. Að sama skapi styttest æfingatíminn ef um styttri og einfaldari verk er að ræða með lítilli umgjörð og einföldum sviðsbúnaði.

Skynsamlegasta leiðin til að verðleggja vinnu leikstjórans er að meta vinnuframlag frá því að undirbúningur hefst þar til sýningum er hætt. Stjórn leikfélags og leikstjóri gera með sér samning áður en æfingar hefjast þar sem áætlað vinnuframlag leikstjóra er tilgreint og hvort leikstjóra eru falin önnur verk en eiginleg leikstjórn. Í samningi kemur fram umsamin greiðsla og áætlun um hvernig greiðslum skuli háttað. Algengt er að greitt sé í þrennu lagi; 1/3 áður en æfingar hefjast, 1/3 um miðbik æfingatíma og 1/3 að lokinni frumsýningu.

Grunnlaun

„Hefðbundin“ uppsetning þar sem allir verkþættir eru í skýrum farvegi eftir hefð og venjum félags. Þá fær leikstjóri í hendur tilbúið handrit og fólk er til staðar sem tekur ábyrgð á einstökum verkþáttum, t.d. leikmynd, búningum, ljósum og framkvæmdastjórn. Leikstjóri er ábyrgur fyrir vinnuáætlun, skipulagi æfinga og verkstjórn. Æfingatími er 6 vikur og leikstjóri kemur á eina til tvær sýningar eftir frumsýningu. Algengt er að fyrir uppsetningu af þessari stærðargráðu sé greitt sem svarar þrennum mánaðarlaunum.

Viðbótarlaun

- ef leikstjóri vinnur leikgerð upp úr bók, bíómynd eða gerir viðamikla aðlögun á verkinu
- ef leikstjóri leggur til grunnhugmynd að verki sem samið er af hópnum í spuna/devised eða á annan hátt
- ef leikstjóri tekur að sér framkvæmdastjórn verkefnis og/eða stýrir kynningarmálum
- ef leikstjóri hannar leikmynd, búninga, ljós eða kynningarefni, semur dansa eða tónlist.
- ef leikstjóri heldur námskeið fyrir hópinn, allan eða að hluta, áður en æfingatímabilið hefst eða meðan á því stendur.

Finna má gildandi launatöflur leikstjóra á heimasíðu FLÍ www.leikstjorar.is.

Ef leikstjóri er félagsmaður FLÍ þarf að gera ráð fyrir að leikfélag standi skil á 3,75% greiðslum til FLÍ, sem eru félagsgjald, menningarsjóðsgjald og greiðsla í orlofssjóð.

Ef um verktakasamning er að ræða þarf að gera ráð fyrir verktakaálagi sem bætist ofan á umsamin laun enda stendur leikstjóri þá sjálfur skil á greiðslum í lífeyrissjóð ásamt öðrum launatengdum gjöldum.

Bókalisti

Allar bækur á listanum er hægt að nálgast á bókasafni leiklistardeildar Listaháskóla Íslands, Sölvhólsgötu 13, 101 Reykjavík.

Höfundur:

Titill:

Bloom, Michael	Thinking Like a Director: Practice Handbook
Bogart, Anne	A director Prepares: Seven Essays on Art and Theatre
Braun, Edward	The Director and The Stage: From Naturalism to Grotowski
Canfield, Curtis	The Craft of Play Directing
Clurman, Harold	On Directing
Converse, Terry J.	Directing for The Stage: A Workshop Guide of 42 Creative Training Exercises and Projects
Dean, Alexander	Fundamentals of Play Directing
Dietrich, John E.	Play Direction
T. Cole/ H. K. Chinoy	Directing a play Directors on Directing: A Source Book of The Modern Theatre.
Gallaway, Marian	The Director in The Theatre
Goldberg, Jacques	Regi: Af förste regisören vid kungl. operan
Holmberg, Arthur	The Theatre of Robert Wilson
Hunt, Albert	Peter Brook
Knapp, B. Liebowitz	The Reign of The Theatrical Director: French Theatre 1887-1924
Kumlega, Jennifer	The Theatre of Grotowski
Kustow, Michel	Peter Brook: A Biography
Leach, Robert	Vsevolod Meyerhold
Lepage Robert	Robert Lepage: Connecting Flights
McCafferey, M.	Directing a Play
Malochevskaja, I.	Regiskolen

Höfundur:

Merlin, Bella

Meyerhold, V.E.

Mitchell, Katie

Mitter, Shomit

Neelands, J.

Njörður P. Njarðvík

Piscator, Erwin

Richard, Thomas

Stafford-Clark, Max

Whithmore, J

Willet, John

Young, John Wray

Titill:**Konstantin Stanislavsky****Meyerhold on Theatre****The Director's Craft: A Handbook for The Theatre****Systems of Rehearsal: Stanislavsky, Brecht, Grotowski and Brook****Theatre Directions****Saga, leikrit, ljóð****The Political Theatre****At Work With Grotowski on Physical Actions****Letters to George: The Account of a Rehearsal****Temkin, Raymond Grotowski****On Directing Postmodern Theatre: Shaping Significant in Performance****The Theatre of Erwin Piscator: Half a Century of Politics in The Theatre****Directing the Play: From Selection to Opening Night**